

Mánudaginn 30. janúar 1978.

Nr. 99/1976. **Bragi Jóseppson**
 (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og gagnsök
 (Þorsteinn Geirsson hrl.).

Sáttaumleitun. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.
 Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. maí 1976. Krefst hann þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 35.000.000 krónur með 2% vöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 6. desember 1974 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 12.308.479 krónur með 13% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá 1. janúar 1975 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 14. maí 1976, en sú málssókn féll niður, er útivist varð af hálfu hans 2. júní s. á. Áfrýjaði hann þá málinu að nýju með stefnu 25. júní 1976 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að sér verði einungis dæmt að greiða aðaláfrýjanda bætur, er séu miklum mun lægri en aðaláfrýjandi hefur krafist. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann hefur þó lýst yfir því, að ekki sé krafist málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, ef málinu verði sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 var málið einungis flutt um formhlið.

Mál þetta var eigi lagt til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, en málið er ekki undanþegið sáttatilaun sáttamanna. Aðiljar höfðu eigi heldur samið um að ganga fram hjá sáttanefnd, sbr. 11. tl. 3. mgr. nefndrar greinar og 2. gr. laga nr. 46/1950. Af þessum ástæðum verður ekki komist hjá að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Eftir setningu laga nr. 46/1950 segir svo í 3. málsgrein 5. gr. laga nr. 85/1936: „Héraðsdómari leitar sátta í: 5) Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.“ Í þessu felst, að óþarft er að leggja mál fyrir sáttanefnd, ef um málsefnið mætti beita einhverri af varnarþingsreglum VII. kafla laga nr. 85/1936, annarri en reglunni í 73. gr. um heimilisvarnarþing. Í 84. gr. laga þessara segir: „Mál til skaðabóta sakir réttarbrotu utan samninga má sækja í þinghá, þar sem brot var framið“

Akvæði 5. gr. laga nr. 85/1936 og ákvæði VII. kafla sömu laga hafa verið skýrð rúmri lögskýringu, þegar úr því hefur verið skorið, hvort þyrfti að leggja mál fyrir sáttanefnd. Til dæmis eru mörg fordæmi því til styrktar, að óþarft sé að leggja mál til heimtu skaðabóta vegna slysa fyrir sáttanefnd vegna 5. tl. 3. mgr. 5. gr. og 84. gr. laga nr. 85/1936.

Í þessu dómsmáli telur aðaláfrýjandi, Bragi Jósefsson, að honum hafi verið vikið úr embætti með ólöglegum hætti. Ef stjórnvald víkur ríkisstarfsmanni úr starfi með ólöglegum hætti, má að mínu áliti sækja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í þinghanni, þar sem stjórnvaldið hefur aðsetur, þó að

þar sé ella ekki varnarþing ríkissjóðs. Af því leiðir þá niðurstöðu, að skv. 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950 og 84. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu. Tel ég því, að Hæstarétti beri að taka það til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. f. m., hefur dr. Bragi Jósepson, Sólheimum 25 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. desember 1974, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til heimtu skaðabóta vegna fyrirvaralausrar og ástæðulausrar uppsagnar, er menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, vék honum úr stöðu deildarstjóra fræðslumála-deildar menntamálaráðuneytisins hinn 6. desember 1974, að fjárhæð kr. 35.000.000 ásamt með 2% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 6. desember 1974 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur aðallega krafist algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda, en til vara mikillar lækkunar á bótakröfu stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Forsaga málsins er sú, að stefnandi var við framhaldsnám í uppeldis- og skólamálum í Bandaríkjunum frá árinu 1961 og þar sem hann lauk BA prófi í þessum greinum árið 1973 og MA prófi 1964. Þar í landi lauk hann doktorsprófi á árinu 1968, og fjallaði doktorsritgerð stefnanda um þróun íslenskra skólamála með hliðsjón af félagslegum, stjórnarfarslegum og efnahagslegum þáttum. Áður og eftir að stefnandi lauk doktorsprófi sínu hafði hann gerst kennari við bandarískan háskóla. Á þessum árum í Bandaríkjunum var það ætlun stefnanda að snúa heim hingað til lands til starfa, og með tilliti til þess hafði stefnandi samband við ráðamenn hér á landi um skólamál, þar á meðal menntamálaráðuneytið og þáverandi fræðslumálastjóra. Í beinu framhaldi af þessu var stefnandi settur deildarstjóri í fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins með bréfi, dags. 31. desember 1972. Hóf hann það starf hinn 26. janúar 1973, eftir að hann í millitíðinni hafði fengið lausn frá störfum sínum við hinn bandaríska háskóla. Með forsetabréfi, dagsettu 31. desember 1973, var stefnandi skipaður til þessa sama starfs.

Þess skal getið hér, að með lögum nr. 5 frá 1968, 7. gr., var sú breyting gerð á stjórn fræðslumála, að fræðslumálaskrifstofan var gerð að deild í menntamálaráðuneytinu. Hinn 7. maí 1971 var gefin út reglugerð um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og reglugerð samkvæmt þeim lögum, nr. 96 frá 1969. Nokkrar breytingar voru síðan gerðar á reglugerðinni hinn 22. ágúst 1974, þar á meðal á verksviði fræðslumáladeildar með stofnun nýrrar deildar innan ráðuneytisins, verk- og tæknimenntunardeildar.

Af hinum fjölmörgu gögnum málsins má ljóst vera, að frá upp-töku starfs stefnanda hafi innan menntamálaráðuneytisins komið upp ágreiningur um starfssvið hans, því í bréfi stefnanda til þáverandi menntamálaráðherra, dagsettu 30. janúar 1974, segir meðal annars svo: „Með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar voru á yfirstjórn fræðslumála, þegar fræðslumálaskrifstofan var gerð að deild í menntamálaráðuneytinu, má einnig segja, að staða og verksvið þess starfshóps, sem nú heitir fræðslumáladeild, sé mjög á reiki.“ Þá segir og í bréfinu: „Eins og ég hef bent á marg-sinnis bæði í samtölum við yður sem og í fjölmörgum erindum, tel ég, að hin óljósa verkaskipting innan ráðuneytisins valdi mestu um þá erfiðleika og árekstra, sem hér eiga sér stað allt að því daglega.“ Og enn fremur segir: „Ég get ekki neitað því, að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með þá starfsaðstöðu, sem hér er. Mér hefur greinilega ekki tekist að lagfæra þá stjórnunarlegu og skipulagslegu galla, sem ég vissi, að hér voru, þegar ég tók við starfi mínu.“ Þá segir í bréfinu: „Þetta ár, sem ég hef nú starfað sem deildarstjóri fræðslumáladeildar, hefur ráðuneytisstjóri aldrei séð ástæðu til að hringja í mig, boða mig til fundar eða ræða við mig að fyrra bragði um nokkur málefni, er varða ráðuneytið. Ráðuneytisstjóri hefur aldrei vísað neinu máli til mín til afgreiðslu nema þess hafi sérstaklega verið óskað af yður. Á hinn bóginn fá fulltrúar mínir (sérstaklega Stefán Ól. Jónsson, Sigurður Helgason og Sigurður K. G. Sigurðsson) svo að segja daglega verkefni til afgreiðslu með áritun ráðuneytisstjóra. Þá hefur ráðuneytisstjóri margoft falið þessum fulltrúum að vinna að tilteknum verkefnum án þess að hafa haft nokkurt samband við mig. Sömuleiðis er mér kunnugt, að ráðuneytisstjóri hefur margoft ráðfært sig við fulltrúa mína, kallað þá sérstaklega á sinn fund án þess að hafa um það nokkurt samráð við mig. Hlýtur hver maður að sjá, að þannig yfirstjórn hefur truflandi áhrif á þá verkstjórn og það

skipulag, sem ég óska eftir sem deildarstjóri. Að sjálfsögðu hef ég gert athugasemd við þessi vinnubrögð, og hefur ráðuneytisstjóri þá bent mér á reglugerðarákvæði um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins, þar sem segir, að ráðuneytisstjóri geti „fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annast að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni, sem hann ákveður“. Um merkingu þessara orða þarf ekki að deila, og hef ég því alla tíð gert mér grein fyrir þeim rétti, sem ráðuneytisstjóri hefur hvað þetta snertir.“ Og eins segir í bréfinu: „Ég hefi margoft bent á, að vinnuaðstaða í fræðslumáladeild er mjög ófullkomin, þó ekkert komi til nema dagleg afgreiðslustörf og öllum frekari aðgerðum og áformum sleppt.“ Í lok bréfs þessa segir svo: „Með hliðsjón af þeim punktum, sem ég hefi dregið hér fram af handahófi, tel ég nauðsynlegt að vekja athygli ráðherra á því, að verði áframhald á þessari þróun, áskil ég mér fullan, lagalegan og siðferðislegan rétt til þess að ræða þessi mál opinberlega sem einstaklingur og sem sérfræðingur um uppeldis- og skólamál. Ef slíkt reynist nauðsynlegt, mun ég einnig athuga möguleika á því að víkja úr starfi mínu sem opinber embættismaður ráðuneytisins og vinna að framgangi þessara mála með öðrum leiðum.“

Á fyrri helmingi ársins 1974 birtist í tímaritinu „Heimili og Skóli“ grein eftir stefnanda, en í grein þessari gagnrýnir stefnandi stjórn fræðslumála og segir: „Stjórnunarlegt aðhald menntamálaráðuneytisins er yfirborðslegt og fálmandi, og framkvæmd og stefnumótun á málafnum þessara skóla ber það með sér, að beir, sem við stjórnvölin sitja, hafa ekki nægilega innsýn í, hvað gera skal. Þetta er sorgarsaga íslenskra skólamála enn í dag. Það er ekki fráleitt að fullyrða, að ráðamenn þessa stóra mála-flokks standi hreinlega gegn því, að hér verði úr bætt. Hve lengi getur þetta gengið?“ Síðan segir í lok greinarinnar: „Embættismannakerfið okkar hefur vissulega þanist út og það, út af fyrir sig, er ekki óeðlilegt. En þegar þetta stjórnunarkerfi okkar verður jafn sjúkt, ráðþrota og steinrunnið eins og raun ber vitni, þá liggur ljóst fyrir, að báknið verður einungis sterkara til niðurrifs og þjóðfélagslegrar óþurftar.“

Í áeústmanuði 1974 urðu ráðherraskipti í menntamálaráðuneytinu. Í aðiljaskýrslu stefnanda getur hann þess, að hann hafi fyrst átt fund með hinum nýja ráðherra hinn 10. september 1974. Kvaðst stefnandi í það sinn hafa skýrt ráðherranum frá bréfi sínu

frá 10. janúar 1974 og afhent honum eintak af því bréfi. Enn kvaðst stefnandi hafa átt fund með ráðherra hinn 2. október 1974, og kvaðst stefnandi þá hafa rætt við ráðherrann um nauðsyn þess að endurskoða hina nýju reglugerð um menntamálaráðuneytið og annað í sambandi um bættu starfsháttu í ráðuneytinu. Kvaðst stefnandi þá hafa getið þess við ráðherrann, að til þess að komast að raun um, hvornig þessum málum væri háttað, væri sú leið ein að láta rannsaka ástandið. Gat stefnandi þess í aðiljaskýrslu sinni, að á fundi þessum hafi ráðherrann sagst hafa fengið í hendur tímaritið „Heimili og Skóli“, og hafi látið þau orð falla, að sér fyndist greinin í meira lagi harðorð. Stefnandi ritaði síðan ráðherra bréf, dagsett 10. október 1974. Í því bréfi kemur enn fram ýmis gagnrýni á starfsháttum og starfsaðstöðu fræðslumáladeildar, og segir þar meðal annars: „Í þau tæp tvö ár, sem ég hef starfað í menntamálaráðuneytinu, hef ég reynt að benda á það uggvænlega ástand, sem þar hefur þróast, með það fyrir augum að koma á einhverjum lagfæringum. Þetta hefur ekki tekist. Ég tel nú, að þetta ástand sé svo alvarlegt, að nauðsyn beri til að krefjast opinberrar rannsóknar á störfum og starfsháttum menntamálaráðuneytisins.“ Síðan setur hann fram atriði í 28 liðum um það, sem hann telur ábótavant í störfum menntamálaráðuneytisins, og lýkur bréfinu svo: „Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið sagt, óska ég eftir, að gerð verði rannsókn á starfsháttum menntamálaráðuneytisins þannig að fyrir liggi, hvort ásananir mínar og gagnrýni eiga við rök að styðjast eða ekki.“ Samrit af bréfi þessu sendi stefnandi forsætisráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins.

Um þetta leyti, það er síðsumars og haustið 1974, lá fyrir skýrsla, sem fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins hafði falið doktor Arnóri Hannibalssyni að semja um hjálparkennslu í skyldunámsskólum vorið 1974. Skýrsla þessi var tilbúin til útsendingar til þeirra aðilja, sem hana áttu að fá, hinn 14. október 1974. Var skýrslan ásamt meðfylgjandi bréfum afhent í pósthús þann sama dag. Daginn eftir afhenti stefnandi ráðherra skýrsluna, og á fundi hans og ráðherra þá lýsti ráðherrann yfir óánægju sinni með útdreifingu skýrslunnar, þar sem eins og stefnandi getur í aðiljaskýrslu sinni: „að skýrslan væri uppfull af sleggjudómum og óhróðri um einstaka starfsmenn í ráðuneytinu.“ Fór ráðherra fram á það við stefnanda, að dreifing skýrslunnar yrði stöðvuð tafarlaust og að í framtíðinni fengi hann að sjá slíkar skýrslur, áður en þær væru sendar út. Þrátt fyrir tilraunir í þá átt reyndist

ekki unnt að stöðva dreifingu skýrslunnar. Út af dreifingu skýrslunnar urðu nokkrar deilur, og meðal annars sendi menntamálaráðherra og ráðuneyttisstjóri menntamálaráðuneytisins bréf til allra þeirra, sem fengið höfðu skýsluna í hendur. Í bréfi þessu segir meðal annars svo: „Skýrsla þessi var send frá fræðslumáladeld í heimildarleysi, og ber ráðuneytið enga ábyrgð á efni hennar, enda fengu ráðherra og ráðuneyttisstjóri ekki skýrsluna í hendur, fyrr en hún hafði verið send út.“ Enn fremur segir í bréfinu: „Ráðuneytið biður þá aðila. sem farið er ásökunar- og óvirðingarorðum um í skýrslunni, afsökunar og endurtekur, að það beri enga ábyrgð á skýrslunni að neinu leyti.“

Á fundi hinn 28. október 1974 ræðast þeir við menntamálaráðherra og stefnandi, þar sem rætt er um útsendingu umræddrar skýrslu og fyrri gagnrýni stefnanda á starfshætti menntamálaráðuneytisins. Segir stefnandi í aðiljaskýrslu sinni, að ráðherra hafi sagt, að hið síðarnefnda mál væri í athugun, en vegna útsendingar stefnanda á skýrslu doktors Arnórs hefði það mál nú „tekið nýja stefnu“, eins og stefnandi segir ráðherrann hafa orðað það. Hinn 2. desember 1974 ritaði stefnandi menntamálaráðherra bréf, þar sem hann rekur alla meðferð á umræddri skýrslugerð og dreifingu. Í upphafi bréfsins vísar stefnandi til bréfsins frá 10. október 1974 og lýkur bréfinu svo: „Eins og ég tók fram í upphafi þessa bréfs, tel ég sjálfsagt, að þetta mál verði kannað, en vænti þess jafnframt, að beiðni mín um rannsókn, frá 10. október, fái málefnislega meðferð, þannig að eðlilegri starfstilhögun og vinnufriði verði komið á í ráðuneytinu.“ Að beiðni menntamálaráðherrans átti hann fund með stefnanda hinn 6. desember 1974. Á þessum fundi fór ráðherrann fram á það við stefnanda, að hann bæðist lausnar frá störfum. Er stefnandi innti eftir ástæðu, kvað hann ráðherrann hafa nefnt grein stefnanda í tímaritinu „Heimili og Skóli“, dreifingu skýrslu doktors Arnórs svo og þau bréf, sem stefnandi hafði sent honum um rannsókn á menntamálaráðuneytinu. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dagsettu þann sama dag, til stefnanda er honum skýrt frá því, að honum hafi verið veitt lausn frá deildarstjórarstarfi í fræðslumáladeld menntamálaráðuneytisins frá 9. desember það sama ár að telja. Í bréfinu segir svo: „Ákvörðun þessi er byggð á því, að ýmsar athafnir yðar og framkoma hafi verið óhæf og ósamrýmanleg starfi yðar sem deildarstjóra í ráðuneytinu. Má í því sambandi nefna ritgerð yðar í tímaritinu „Heimili og Skóli“, 1. tbl. 1974, formála, fjölritun og dreifingu skýrslu doktors Arnórs Hannibalssonar um hjálpar-

kennslu í skyldunámsskólum, án vitundar ráðherra og ráðuneytisstjóra, svo og ákærubréf yðar til menntamálaráðherra, dags. 10. október s.l.“ Í bréfinu er stefnanda tilkynnt, að fjármálaráðuneytið muni greiða stefnanda fjárhæð mánaðarlega næstu sex mánuði, það er til 1. júlí 1975, sem svari til hinna föstu launa deildarstjóra. Stefnanda er síðan veitt lausn með forsetabréfi, dagsettu 6. desember 1974.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að frávikning sín úr starfi deildarstjóra fræðslumáladeildar menntamálaráðuneytisins hinn 6. desember 1974 hafi verið ólögmæt. Ekkert þeirra atriða, sem honum er gefið að sök sem brottvikningarástæða af hálfu menntamálaráðherra, sé þess eðlis, að réttlætt gæti slíka ráðstöfun. Í annan stað hafi frávikningin verið ólögmæt, þar sem ekki hafi verið farið að ákvæðum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, við frávikninguna. Hvorki hafi sér, áður en til frávikningar kom, verið veitt áminning vegna ávirðinga í starfi (sic), svo sem mælt er fyrir í 7. gr., 2. mgr., laganna. Stefnandi bendir á, að hann hafi frá upphafi starfs síns verið óánægður með gildandi reglur um verkefni, skipulag og starfsreglur fræðslumáladeildarinnar og hafi hann viljað og reynt að lagfæra það, sem hann taldi þörf. Sér hafi reynt slíkar tilraunir fá of lítinn hljómgrunn og hafi ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins unnið gegn sér að lagfæringum að þessu leyti. Hafi stefnandi því meira og minna þurft að leita beint til ráðherra með erindi sín. Slík afstaða ráðuneytisstjórans gagnvart sér hafi því gert allt starf sitt erfiðara en ella. Hins vegar hafi stefnandi þrátt fyrir slíka erfiðleika jafnan unnið störf sín af kostgæfni og samviskusmi. En með tilliti til aðstöðu sinnar hafi sér verið kostur einn að skrifa ráðherra til að koma á framfæri hugmyndum sínum og hafa uppi gagnrýni á störf innan ráðuneytisins. Í engu þeirra tilvika hafi verið um að ræða ákærur, svo sem nú er nefnt af hálfu stefnda. Gagnrýni sín hafi jafnan verið málefnaleg og rökvís og aldrei hafi hún verið öðruvísi tekin af hálfu menntamálaráðherra fyrr en rétt um það leyti, er frávikning var ákveðin. Stefnandi hafi í starfstíma sínum aldrei látið uppi opinbera gagnrýni á fræðslukerfið eða menntamálaráðuneytið að undanskilinni grein sinni í tímaritinu „Heimili og Skóli“. Var aldrei fundið að þeirri gagnrýni af hálfu yfirboðara sinna í ráðuneytinu, fyrr en nú að hún er gerð að frávikningarástæðu. Að því er varðar dreifingu skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar tekur stefnandi fram, að öll framkvæmd á henni hafi verið í verkahring fræðslumáladeildar-

innar að ákvörðun þáverandi menntamálaráðherra. Sú skýrsla hafi ekki verið opinbert skjal, heldur hluti af því verkefni, og dreifing skýrslunnar hafi verið framhald af því verki. Hafi sér aldrei látið í hug koma, að það yrði gert að ástæðu til brottvikningar úr starfi. Að því er varðar þá frávikningarástæðu, að ýmsar athafnir og framkoma stefnanda hafi verið óhæf og ósamýmanleg starfi hans, tekur stefnandi fram, að slíkt sé með öllu tilhæfulaust, enda hafi stefndi í engu sýnt fram á slíkt með rökum. Stefnandi hafi, eins og áður segir, rækt störf sín í ráðuneytinu af kostgæfni og embættislega. Af þessu sé ljóst, að frávikningin hafi algerlega verið tilefnislaus og því ólögæt. Eigi hann því rétt til bóta úr hendi stefnda samkv. 11. gr. laga nr. 38/1954.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hin fyrirvaralaus brottvikning stefnanda úr starfi hafi verið fullkomlega lögæt. Í skipunarbréfi stefnanda hafi verið fram tekið, að hann skyldi vera „yfirmönnum sínum trúur og hlýðinn, halda stjórnskipunarlæg landsins og rækja störf sín af alúð og árvekni.“ Frá upphafi starfa stefnanda í menntamálaráðuneytinu hafi verið ljóst, að samstarf við hann var með ýmsum erfiðleikum háð. Hann hafi strax verið óánægður með reglugerðina frá 7. maí 1971 um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins og hafði aftur og aftur uppi gagnrýni á hana og kröfur til breytinga á henni til aukningar á valdsviði deildarstjóra fræðslumáladeildarinnar, sbr. bréf hans til menntamálaráðherra, dags. 30. janúar 1974. Þegar þessar óskir og áskoranir stefnanda fengu ekki hljómgrunn, hafi hann tekið að gagnrýna yfirmenn sína og samstarfsmenn opinberlega og ákæra þá, sbr. grein hans í tímaritinu „Heimili og Skóli“, sem út kom fyrri hluta árs 1974. Stefndi mótmælir því eindregið, að ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu hafi sýnt stefnanda samstarfstregðu. Það hafi öllu heldur verið framkoma stefnanda sjálfs, sem um var að kenna, ef samstarf þeirra hafi ekki verið með þeim hætti, sem nauðsyn bar til. Stefndi bendir á það í þessu sabandi, að hin fjölmörgu skjöl, sem stefnandi leggi fram í málinu, beri það ljóslega með sér, að stefnandi hafi jafnan snúið sér í starfi sínu beint til ráðherra, þar sem ákvarðanir ráðuneytisstjóra hefðu átt að koma til. Komi og ljóslega fram í aðiljaskýrslu stefnanda, að hann hafi framkvæmt ýmis verk, sem ráðuneytisstjóri hafi verið andvígur, að gerð yrðu. Þannig haldi stefnandi áfram gagnrýni sinni og kröfum, síðast með bréfi, dags. 10. október 1974, og gengur þá svo langt að krefjast rannsóknar á störfum menntamálaráðuneytisins til

menntamálaráðherra. Hann lætur þó ekki við það eitt sitja, heldur kemur þeirri gagnrýni og kröfum á framfæri við forsætisráðherra. Enn skeður það, að stefnandi dreifir skýrslu, sem dr. Arnóri Hannibalssyni var falið að framkvæma, án þess að bera þá skýrslu undir ráðherra og ráðuneytisstjóra, þótt í þeirri skýrslu sé hörð gagnrýni á menntamálaráðuneytið og einstaka starfsmenn þess. Stefnandi fylgdi og þeirri skýrslu úr hlaði með formála og leggur þar með blessun sína á hina óréttmætu gagnrýni dr. Arnórs. Strax og menntamálaráðherra hafði kynnt sér skýrslu þessa, hafi hann veitt stefnanda þungar ákúrus fyrir dreifinguna og krafist þess, að hún yrði stöðvuð, sem ekki tókst. Urðu menntamálaráðherra og ráðuneytisstjóri að biðja opinberlega afsökunar þá aðilja, sem farið var um óviðurkvæmilegum ummælum í skýrslunni. Stefnandi hélt enn áfram kröfum sínum og gagnrýni, m. a. í viðtali við menntamálaráðherra hinn 28. október 1974. Í því viðtali tjáði ráðherra stefnanda, að hann liti útsendingu skýrslu dr. Arnórs mjög alvarlegum augum svo og skrif stefnanda í „Heimili og Skóli“ og kröfur hans í bréfinu frá 10. október 1974. Var hér um að ræða fullkomna áminningu til stefnanda. Stefnandi lét þó ekki staðar numið, því enn skrifar hann ráðherra bréf hinn 2. desember 1974 og ítrekar fyrri kröfur sínar um rannsókn. Var menntamálaráðherra því, er hér var komið, ljóst, að stefnandi ætlaði ekki að virða áminningar hans, og ákvað því hinn 6. desember 1974 að veita stefnanda lausn frá störfum. Sé ljóst af öllu því, sem nefnt hafi verið, að fullkomin og lögmæt ástæða hafi verið til frávikningar stefnanda úr starfi án fyrirvara, enda hafi stefndi áður í raun verið áminntur og aðvaraður af ráðherra. Að vísu hafi formlegri aðvörun ekki verið komið til stefnanda, en með greiðslu á sex mánaða launum til stefnanda hafi stefnandi fengið fyllilega nægilegar bætur, eins og málum var háttað. Stefndi telur þó þær bætur vera umfram skyldu.

Eins og fram kemur hér að framan, var í gildi reglugerð um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins, þegar stefnandi sótti um stöðu deildarstjóra í fræðslumáladeild. Var sú reglugerð með stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og reglugerð samkvæmt þeim lögum nr. 96/1969. Síðari breyting á reglugerðinni var heimil með stoð í lögum og reglugerðinni samkvæmt þeim.

Af öllu því, sem hér að framan er rakið, og öðrum þeim fjölda skjala, sem fyrir liggja í málinu, er ljóst, að stefnandi beitti sér

mjög fyrir breytingum á reglugerðinni í starfstíð sinni og hafði frammi ítrekaða gagnrýni á starfsháttum innan menntamálaráðuneytisins. Má deila um réttmæti þeirrar gagnrýni, en ekki þykir vera fram komin sönnun fyrir því, að fundið hafi verið að því við stefnanda að hafa frammi þá gagnrýni í nægu framhaldi af framsetningu hennar hverju sinni. Þá þykir ekki verða ráðið af gögnum málsins, að stefnandi hafi verið ósamvinnulipur við samstarfsmenn sína. Að vísu er því haldið fram, að samstarf með stefnanda og ráðuneytisstjóra hafi ekki verið sem skyldi, en ekki verður af gögnum málsins ráðið, hvorum þeirra megi leggja það til saka. Því verður ekki í móti mælt, að stefnandi hafi í gagnrýni sinni oftlega verið stóryrtur, og í skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar koma fram stóryrtar fullyrðingar í garð stjórnar fræðslumála og einstakra starfsmanna þeirra, en stefnandi dreifði þó þeirri skýrslu athugasemdalaust að því leyti án þess áður að hafa sýnt yfirboðurum sínum skýrsluna. Þykir mega fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi með því nokkuð farið út fyrir starfsskyldur sínar.

Þrátt fyrir þetta, sem nú hefur verið rakið, þykja ekki næg rök vera fram komin fyrir því, að réttmætt hafi verið að víkja stefnanda úr starfi sínu fyrirvaralaust, enda ekki að frávíkningunni staðið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Á hann því rétt til bóta úr hendi stefnda samkvæmt 11. gr. sömu laga.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda er við það miðuð, að vegna hinnar óréttmætu brottvikningar hafi hann misst af lífstíðarstöðu. Hann hafi sagt lausri slíkri stöðu í U.S.A. til að taka við umræddri stöðu í menntamálaráðuneytinu. Þyki því eðlilegt að miða bótafjárhæð við þann tíma, sem stefndi var ráðinn til, eða til 67 ára aldurs. Stefnandi var 45 ára, er honum var vikið frá störfum, og átti hann því eftir 22 ár af væntanlegum starfstíma. Launatekjur stefnanda árið 1974 námu kr. 1.295.052, eða samtals í 22 ár kr. 28.491.144, sem að frádregnum 6 mánaða launum þeim, sem honum hafa verið greidd, kr. 647.576, eða samtals kr. 27.338.720. Með hliðsjón af eingreiðsluhagræði lækkar stefnandi þennan lið í kr. 27.000.000. Þá telur stefnandi sig hafa orðið fyrir miska, röskun á stöðu og högum vegna hneisu, sem af frávíkningunni leiði, og beri sér bætur einnig fyrir það og metur á kr. 8.000.000. Samkvæmt þessu nemi bótafjárhæðin kr. 35.000.000. Hefur stefnandi bent á og lagt fram gögn þar að lútandi, að hann hafi, frá því er hann hætti störfum í menntamálaráðuneytinu, sótt um fjölda starfa, þ. á m.

innan fræðslukerfisins, en þær umsóknir hafi ekki leitt til ráðningar. Að undanfögnu hafi hann starfað sem blaðamaður hjá Alþýðublaðinu, en vera búinn að fá uppsögn á því starfi.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að samkv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954 skuli, þegar stöðumissir er úrskurðaður óréttmætur og bætur eru metnar, hafa hliðsjón af ástæðum starfsmanns, svo sem aldri og atvinnumöguleikum svo og framkomnum málsbótum stöðuveitanda. Þegar þessi atriði eru virt um stefnanda svo og dómvenja í sambærilegum málum, þá sé bótakrafa stefnanda langt of há.

Þegar það er haft í huga, að stefnandi er sérmenntaður í uppeldis- og skólamálum, og tekið er tillit til atvinnumöguleika hans hér á landi á því sviði, aldurs hans, annarra þeirra atriða, sem getið er í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, og annars þess, sem máli þykir skipta, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 3.500.000. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafist er, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 13 af hundraði á ári.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 400.000.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregist umfram venju vegna umfangs dómskjala.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Braga Jósepssyni, kr. 3.500.000 með 13% ársvöxtum frá 6. desember 1974 til greiðsludags svo og kr. 400.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.